

ÞINGSKJAL NR. 9

HAGRÆN ÁHRIF ÍPRÓTTA - ÚTTEKT
TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að fela stjórn UMFÍ í samstarfi við ÍSÍ að fá ríkisvaldið með hreyfingunni í þá vegferð að greina hagræn áhrif íþróttar á samfélagið.

Lagt er til að farið verði í greiningar á eftirfarandi þáttum:

- a. Efnahagsleg áhrif
- b. Félagsleg áhrif
- c. Heilsufarleg áhrif
- d. Samfélagslegt mikilvægi

Greinargerð:

Stjórnvöld hafa á undanförunum árum ráðist í ýmsar ítarlegar úttektir á tilteknum málaflokkum, má þar nefnda úttekt á tónlistarskólum sem kom út á vegum Mennta og barnamálaráðuneytis haustið 2025.

Starfsemi ÍSÍ og UMFÍ og aðildarféлага þeirra er ekki lögbundin, þó beggja samtaka sé getið í íþróttalögum. Það gerir starfsemina og fjárveitingar til hennar viðkvæmar fyrir niðurskurði. Mikilvægt því að framlag hreyfingarinnar til samfélagsins sé sýnilegt og viðurkennt, og að fleiri ráðuneyti taki virkan þátt í málaflokknum, enda snertir hann marga aðra málaflokka, svo sem heilbrigðismál, félagsmál og byggðamál.

Greining á áhrifum starfsins er nauðsynleg til að skapa traustar forsendur fyrir framtíðar fjármögnun og stefnumótun. Íþróttir og skipulagt félagsstarf veita lausnir á fjölmörgum samfélagslegum áskorunum nútímans. Eitt dæmi er ofnotkun skjáa, en á meðan íþróttæfingu stendur er einstaklingurinn virkur í félagslegu, líkamlegu og andlegu samhengi, án truflunar frá snjalltækjum.

Líkamleg, andleg og félagsleg áhrif íþróttar hafa verið margítrekað staðfest í rannsóknum. Þær sýna jafnframt að fjárfesting í íþróttum skilar sér margfalt til baka í sparnaði og ábata fyrir samfélagið. Tölur sem nefndar hafa verið í erlendum og innlendum rannsóknum sýna að fyrir hverja krónu sem fjárfest er í íþróttum skila sér að minnsta kosti 3–8 krónur aftur til samfélagsins, m.a. í formi betri heilsu, minni heilbrigðiskostnaðar, aukinnar framleiðni og sterkari félagslegrar samheldni.

Nauðsynlegt er að taka saman þessi gögn, greina aðstæður og áskoranir í starfseminni, og byggja þannig upp traustar forsendur fyrir að starfsemi íþróttar- og ungmennafélaga geti þróast áfram til hagsbóta fyrir einstaklinga og samfélagið allt.

Vísað til: Allsherjar- og laganefndar.

Samþykkt samhljóða